

Johann
Sebastian
Bach

H-moll messan



Hallgrímskirkja

15. október 2022



Stjórnandi Kári Pormar

Hallveig Rúnarsdóttir
sópran

Hildigunnur Einarisdóttir
mezzosópran

Porbjörn Rúnarsson
tenór

Jón Svavar Jósefsson
bariton



Dómkórinn

ásamt
kammer
sveit



Hrákasmíð eða mesta stórvirki allra tíma og þjóða?

„Yðar konunglega tign, í dýpstu einlægni sendi ég yður þetta litla dæmi um þá þekkingu og hæfni sem ég hef öðlast í tónlist. Því fylgir auðmjúk bæn um að þér dæmið verkið ekki eftir þeirri hrákasmíð sem það er, heldur af þeirri mildi sem er yður í blóð borin eins og alþjóð veit.“

Þessi litilláta bón hrökk úr penna Jóhanns Sebastians Bachs þegar hann færði Friðriki Ágústi II í júlí 1733 að gjöf tvo messukafla, Kyrie og Credo, í tilefni af því að sá siðarnefndi hlaut konungstign af Saxlandi. Hann hafði notað tímann sem gafst eftir andlát Ágústus sterka en samkvæmt opinberri tilskipun var allur flutningur á nýrri tónlist bannaður í ríkinu í hálf ár eftir andlát konungs. Það dró verulega úr álaginu á Bach í daglegu starfi kantors, svo honum gafst tóm til þess að setja þessa tvo þætti saman og afhenda nýja kónginum. Þannig er álitíð að upphafið að tilurð H-moll-messu Bachs hafi verið.

Hvað síðan gerðist er fremur óljóst og ýmsar kenningar á lofti en engin endanleg sönnun finnanleg. Þó gera menn því skóna að tónskáldið hafi dundað sér við afganginn af þessu viðamikla verki næstu fimmtán árin eða svo. Endanleg útgáfa H-moll-messunnar er talin hafa klárast á tímabilinu frá ágúst 1748 fram í október 1749 en Bach lést árið 1750. Þetta er því síðasta stórvirki þessa afkastamikla tónskálds.

Eftir andlát Bachs virðist áhuginn á verkum hans hafa verið lítill, utan hvað sonur hans og fleiri krukkuðu í nóturnar. Þetta mikla verk var því ekki flutt um allanga hríð. Það var eins og menn brýsti kjark andspænis þessari tæplega tveggja tíma löngu tónsmíð og framan af voru einungis kaflar úr því fluttir. Með tímanum óx mönnum ásmegin og eftir heimsstyrjöldina síðari er þetta það verk Bachs sem hvað oftast og víðast er flutt. Ísland er þar engin undantekning og ýmsir kórar hafa spreytt sig á þeirri þraut sem það er að ná utan um þetta mikla verk, hafandi í huga orð Hans Georgs Nägeli útgefanda Bachs að verkið sé ekki bara besta verk Bachs, heldur „mesta stórvirki allra tíma og þjóða á tónlistarsviðinu“.

Mikið var leitað að nótum sem tónskáldið kynni að hafa skilið eftir sig og ekki voru útkrotaðar af erfingjum hans. Í þeirri leit fannst meðal annars það sem virtist vera lokasíða verksins því þar hafði tónskáldið krotað: Fine. DSGL (Deo Soli Gloria) sem útleggst: Endir. Guði einum dýrð (sem fyrir skemmtilega tilviljun eru einkunnarorð Tónlistardaga Dómkirkjunnar).

Ólíkt því sem gildir um sumar messur sem njóta hylli íslenskra kóra gerir H-moll-messan óvenjumiklar kröfur til kórsins. Hann er mjög virkur og sest tæpast niður frá upphafi til enda. Dómkórinn fæst nú við þennan risa í fyrsta sinn.

Pröstur Haraldsson

Kyrie

Miskunnarbæn

KYRIE ELEISON – 5 RADDA KÓR

Kyrie eleison.

Drottinn, miskunna þú oss.

CHRISTE ELEISON – DÚETT (SÓPRAN/MEZZOSÓPRAN)

Christe eleison.

Kristur, miskunna þú oss.

KYRIE ELEISON – 4 RADDA KÓR

Kyrie eleison.

Drottinn, miskunna þú oss.

Gloría

Dýrðarsöngur

GLORIA IN EXCELSIS – 5 RADDA KÓR

Gloria in excelsis Deo.

Dýrð sé Guði í upphæðum,

ET IN TERRA PAX – 5 RADDA KÓR

Et in terra pax

og friður á jörðu

hominibus bonae voluntatis.

og velþóknun yfir mönnunum.

LAUDAMUS TE – ARÍA (SÓPRAN)

Laudamus te, benedicimus te,

Vér lofum þig, vér göfgum þig,

adoramus te, glorificamus te.

vér dyrkum þig, vér tignum þig.

GRATIAS AGIMUS TIBI – 4 RADDA KÓR

Gratias agimus tibi

Pakkir gjörum vér þér

propter magnam gloriam tuam.

sakir mikillar dýrðar þinnar.

DOMINE DEUS – DÚETT (SÓPRAN/TENÓR)

Domine Deus, Rex coelestis,

Drottinn Guð, himneski konungur,

Deus Pater omnipotens.

Guð faðir almáttugur,

Domine Fili unigenite,

Drottinn, Guðs einkasonur,

Jesu Christe altissime,

Jesús Kristur hinn hæsti,

Domine Deus, Agnus Dei,

Drottinn Guð, lamb Guðs,

Filius Patris, sonur föðurins,

QUI TOLLIS PECCATA MUNDI – 4 RADDA KÓR

Qui tollis peccata mundi,
miserere nobis.

Qui tollis peccata mundi,
suscipe deprecationem nostram.

Pú sem burt ber syndir heimsins,
miskunna þú oss.

Pú sem burt ber syndir heimsins,
heyr vora auðmjúku bæn.

QUI SEDES AD DEXTRAM PATRIS – ARÍA (ALT)

Qui sedes ad dextram Patris,
miserere nobis.

Pú sem situr við hægri hönd föðurins,
miskunna þú oss.

QUONIAM TU SOLUS SANCTUS – ARÍA (BASSI)

Quoniam tu solus sanctus,
tu solus Dominus,
tu solus Altissimus,
Jesu Christe,

Því að þú einn ert hinn heilagi,
þú einn ert Drottinn,
þú einn ert hinn hæsti,
Jesús Kristur,

CUM SANCTO SPIRITU – 5 RADDA KÓR

Cum Sancto Spiritu
in gloria Dei Patris.
Amen.

Með heilögum anda
í dýrð Guðs föður.
Amen.

Symbolum Nicenum

Níkeujátningin

CREDO IN UNUM DEUM – 5 RADDA KÓR

Credo in unum Deum,

Ég trúí á einn Guð,

PATREM OMNIPENTEM – 4 RADDA KÓR

Patrem omnipotentem,
factorem coeli et terrae,
visibilium omnium,
et invisibilium.

föður almáttugan,
skapara himins og jarðar,
alls hins sýnilega,
og ósýnilega,

ET IN UNUM DOMINUM – DÚETT (SÓPRAN/MEZZOSÓPRAN)

Et in unum Dominum Jesum Christum,
Filium Dei unigenitum
et ex Patre natum ante omnia saecula.
Deum de Deo, lumen de lumine,
Deum verum de Deo vero,

og á einn Drottin Jesú Krist,
Guðs einkason,
sem er af föðurnum fæddur frá eilífð.
Guð af Guði, ljós af ljósi,
sannur Guð af Guði sönnnum,

genitum, non factum,
consubstantialem Patri,
per quem omnia facta sunt.
Qui propter nos homines
et propter nostram salutem
descendit de coelis.

ET INCARNATUS EST – 5 RADDA KÓR

Et incarnatus est de Spiritu Sancto
ex Maria Virgine
et homo factus est.

CRUCIFIXUS – 4 RADDA KÓR

Crucifixus etiam pro nobis
sub Pontio Pilato,
passus et sepultus est.

ET RESURREXIT – 5 RADDA KÓR

Et resurrexit tertia die
secundum Scripturas
et ascendit in coelum,
sedet ad dexteram Dei Patris
et iterum venturus est cum gloria
judicare vivos et mortuos,
cujus regni non erit finis.

ET IN SPIRITUM SANCTUM – ARÍA (BASSI)

Et in Spiritum Sanctum,
Dominum et vivificantem,
qui ex Patre Filioque procedit,
qui cum Patre et Filio simul adoratur
et conglorificatur, qui locutus est per Prophetas.
Et unam sanctam catholicam
et apostolicam ecclesiam. og postullega kirkju.

fæddur, eigi gjörður,
samur föðurnum.
Fyrir hann er allt skapað.
Vegna vor mannanna
og vorrar sáluhjálpar
steig hann niður af himni.

Klæddist holdi fyrir heilagan anda
af Maríu meyjju
og gjörðist maður.

Hann var og krossfestur fyrir oss
á dögum Pontíusar Pilatusar,
píndur og grafinn.

Hann reis upp á þriðja degi
samkvæmt ritningunum
og steig upp til himna,
situr við hægri hönd Guðs föður
og mun aftur koma í dýrð
að dæma lifendur og dauða.
Á ríki hans mun enginn endir verða.

Og á heilagan anda,
Drottin og lifgjafann,
sem út gengur frá föður og syni
og með föður og syni er tilbeðinn
og dýrkaður, og mælti af munni spámannanna,
og á eina, heilaga, almenna

CONFITEOR – 5 RADDA KÓR

Confiteor unum baptisma
in remissionem peccatorum,

Ég játa, að ein sé skírn
til fyrirgefningar syndanna,

ET EXPECTO – 5 RADDA KÓR

Et expecto resurrectionem mortuorum
et vitam venturi saeculi.
Amen.

og vænti uppreisn dauðra
og lífs hinnar komandi aldar.
Amen.

Sanctus

SANCTUS – 6 RADDA KÓR

Sanctus, Sanctus, Sanctus
Dominus Deus Sabaoth.
Pleni sunt coeli et terra gloria ejus.

Heilagur, heilagur, heilagur
ert þú, Drottinn Guð allsherjar.
Himnarnir og jörðin eru full af dýrð hans.

OSANNA – TVEIR 4 RADDA KÓRAR

Osanna in excelsis.

Hósanna í upphæðum.

BENEDICTUS – ARÍA (TENÓR)

Benedictus qui venit
in nomine Domini.

Blessaður sé sá sem kemur
í nafni Drottins.

Agnus Dei

AGNUS DEI – ARÍA (MEZZOSÓPRAN)

Agnus Dei, qui tollis peccata mundi,
miserere nobis.

Guðs lamb, sem burt ber syndir heimsins,
miskunna þú oss.

DONA NOBIS PACEM – 4 RADDA KÓR

Dona nobis pacem.

Gef oss þinn frið.



Hallveig Rúnarsdóttir

hóf söngnám hjá Sigurði Demetz árið 1991. Hún lauk 8. stigi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Rutar L. Magnússon árið 1998. Það sama ár hóf hún nám hjá Theresu E. Goble við Guildhall School of Music and Drama í London og útskrifaðist þaðan með láði sumarið 2001. Hallveig hefur sungið nokkur óperuhlutverk, flest hjá Íslensku Óperunni en einnig víðar. Meðal hlutverka hennar eru Donna Anna í Don Giovanni eftir Mozart, Michaëla í Carmen eftir Bizet, Fiordiligi í Così fan Tutte eftir Mozart, Gianetta í Ástardrykknum eftir Donizetti, Rödd af himnum í óperunni Don Carlo eftir Verdi og Echo í Ariadne auf Naxos eftir Richard Strauss. Árið 2016 frumflutti hún hlutverk stúlku í óperu Kristians Blak, Ljós í ljóði í Færeyjum og árið 2018 frumflutti hún hlutverk Gilitruttar í samnefndri óperu eftir Hildigunni Rúnarsdóttur. Í febrúar 2021 frumflutti hún svo óperuna Traversing the Void eftir Hildigunni Rúnarsdóttur og Jo Truman í Hörpu.

Hún hefur komið fram sem einsöngvari víða um heim, sungið sópranhlutverkið í mörgum helstu stórverkum tónbókmenntanna og hefur sungið margoft með Sinfóníuhljómsveit Íslands auk fjölda annarra hljómsveita bæði hér á landi og erlendis.

Hallveig hefur verið virk í flutningi nýrrar tónlistar og hefur frumflutt mörg ný íslensk verk, t.d. á Listahátíð í Reykjavík og á Sumartónleikum í Skálholti, auk upptaka fyrir útvarp. Hallveig hefur og haldið fjölda einsöngstónleika á Íslandi og erlendis undanfarin ár þar sem hún hefur lagt áherslu á ljóðasöng.

Hallveig hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngkona ársins í sígildri- og samátímatónlist árið 2013 fyrir hlutverk sitt sem Michaëla í Carmen hjá Íslensku óperunni, og aftur árið 2018 fyrir hlutverk sitt sem Gilitrutt og söng sinn á Klassikinni okkar með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Auk þess hlaut hún tilnefningu til sömu verðlauna árið 2014 fyrir söng sinn í Deutsches Requiem eftir Brahms með Söngsveitinni Filharmóníu, árið 2016 fyrir söng sinn í 3. Sinfóníu Góreckís með Sinfóníuhljómsveit Íslands og fyrir árið 2020 fyrir flutning sinn á arium Mozarts með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Hún var tilnefnd til Grímuverðlauna sem söngvari ársins árið 2014 fyrir Michaelu og einnig árið 2017 fyrir Donnu Önnu í Don Giovanni eftir W. A. Mozart.

Hún er listrænn stjórnandi og stofnandi sönghópsins Cantoque Ensemble sem hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir flutning sinn á barokkverkum með upprunahljómsveitum, bæði hér á landi og erlendis.



Hildigunnur Einarsdóttir

lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og Signýjar Sæmundsdóttur og stundaði framhaldsnám í Pýskalandi og Hollandi hjá Janet Williams og Jóni Þorsteinssyni. Hildigunnur hefur einnig lokið BA-prófi í skapandi tónlistarmiðlun frá Listaháskóla Íslands. Hildigunnur stjórnar ÁR-kórnum í Reykjavík og Kvennakórnum Kötlu ásamt Lilju Dögg Gunnarsdóttur. Hildigunnur kennir einnig söng við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Söngskólann Domus Vox og syngur m.a. með Schola cantorum og Cantoque Ensemble.

Hildigunnur kemur reglulega fram sem einsöngvari og hefur verið áberandi í kirkjutónlistarsenunni. Hún hefur m.a. sungið einsöngshlutverkin í Messíasi og Judas Maccabeus eftir Händel, Mattheusarpassíu, Jóhannesarpassíu og Jónaórátoríunni eftir Bach og Guðbrandsmessu eftir Hildigunni Rúnarsdóttur. Hildigunnur hefur sungið einsöng m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Barokksveitinni Brák og Kammersveit Reykjavíkur og frumflutt fjölda verka m.a. eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson, Ingibjörgu Ýri Skarphéðinsdóttur og Kolbein Bjarnason. Hildigunnur var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2014 fyrir túlkun sína á sönglögum Karls O. Runólfssonar með kammerhópnum Kúbus.



Þorbjörn Rúnarsson

hóf söngferil sinn sjö ára gamall í Skólakór Garðabæjar og hefur sungið í fjölda kóra, m.a. Hljómeysi, Schola Cantorum, Kór Íslensku Óperunnar, Hamrahlíðarkórnum, Háskólakórnum, Mótettukórnum, Söngsveitinni Filharmóníu, Cantoque Ensemble, Kór Hallgrímskirkju og svo mætti lengi telja. Sumurin 1989-1992 var hann einn af fulltrúum Íslands í Heimskór æskufólks, World Youth Choir, þar sem ungir söngvarar alls staðar að úr heiminum koma saman og syngja.

Þorbjörn hóf söngnám hjá Sigurði Demetz 1992, flutti til Egilsstaða 1995 og hélt söngnámi sínu áfram þar hjá W. Keith Reed. Hann tók virkan þátt í tónlistarlífi á Austurlandi, uns hann flutti aftur suður 2013. Meðal annars söng hann í þremur óperuuppfærslum Óperustúdíós Austurlands, Taminó í Töfraflautunni, Almaviva greifa í Rakaranum í Sevilla og Ferrando í Così Fan Tutte. Í framhaldinu söng hann í tveimur uppfærslum Íslensku Óperunnar, Almaviva greifa í Rakaranum 2002 og Beadle Bamford í Sweeney Todd 2004. Þorbjörn hefur sungið hlutverk guðspjallamannsins í Jóhannesarpassíu og Jónaórátoríu Bachs á Egilsstöðum, í Reykjavík og í Færeyjum. Önnur einsöngshlutverk hafa orðið á vegi hans s.s. í Messíasi eftir Händel og Requiem eftir Mozart auk ýmissa verka eftir fjölda tónskálda, bæði innlend og erlend. Þorbjörn syngur nú með Kór Íslensku Óperunnar, Hljómeysi, Cantoque Ensemble og Kór Hallgrímskirkju.



Jón Svavar Jósefsson

Jón Svavar Jósefsson óperusöngvari lauk námi frá Universitæt für Musik und Darstellende Kunst í Vínarborg 2007. Hann sótti menntun í söng- og leiklist, á Íslandi, Belgíu, Svíþjóð, Austurríki og á Akureyri. Jón hefur haldið ótal einsöngstónleika og hefur verið einsöngvari með Sinfóníuhljómsveit Íslands og öðrum sígildum kammerhópum. Meðal hlutverka Jóns eru Ábótinn í Carmina Burana eftir Carl Orff og Ólíkindatólið í Annarleik Atla Ingólfssonar. Um þessar mundir syngur Jón hlutverk fræðimannsins Jóns Árna í nýrri óperu Elínar Gunnlaugsdóttur, Skemmtilegt er myrkrið og svo hlutverk Don Alfonso í Cosí fan tutte eftir W. A. Mozart sem sett er upp af hinni nýstofnuðu Kammeróperu. Verkin verða frumsýnd í lok október. Jón Svavar starfar sem söngvari og leikari, og kemur reglulega fram með sjálfstæðum tónlistar- og leikhópum, en vinnur við múrverk og smíði í hjáverkum. Undanfarin ár hefur Jón tekið þátt í frumflutningi fjölda nýrra ópera eftir íslensk tónskáld og jafnframt unnið ýmis verkefni tengd kvæðasöng og óhefðbundinni raddbeitingu. Jón Svavar hefur verið tilnefndur til íslensku tónlistarverðlaunanna sem söngvari ársins.



Una Sveinbjarnardóttir

er konsertmeistari Kammersveitar Reykjavíkur og hefur starfað sem konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Una hefur margsinnis komið fram sem einleikari og leiðari hérlandis sem erlendis. Hún hefur spilað á fjölda diska, meðal annars með Björk (Homogenic, Vulnicura, Fossora), Jóhanni Jóhannssyni og Kammersveitinni og leikið með Ensemble Modern, Útvarpshljómsveit Berlínar RSB og hljómsveit þýsku óperunnar.

Hún hefur unnið með Pierre Boulez, Krystof Penderecki, Mstislav Rostropovich, Marek Janowski og Heinz Holliger, einnig Atla Heimi Sveinssyni, Helmut Lachenmann og fjölda samtímatónskálda. Fyrsta plata Unu Fyrramál kom út 2007, önnur plata hennar Umleikis með eigin tónsmíðum fyrir sólófiðlu kom út 2014 og platan Last Song með Unu og Tinnu Þorsteinsdóttur pianóleikara árið 2021.

Una samdi tónlist við heimildamynd Höllu Kristínar Einarsdóttur „Konur á rauðum sokkum“ og tónlist við Dúkkuheimili 2 í leikstjórn Unu Þorleifsdóttur í Borgarleikhúsinu. Önnur verk eru til dæmis strengjakvartettinn Opacity op. 12, El Desnudo, Missir, Myrkur og regn, Gátt, Sléttubönd og nú síðast Vitni ásamt Óbó, Ólafi Bimi Ólafssyni, fyrir Gjörningaklúbbinn, en það var frumflutt í Listasafni Íslands í mars 2022.

Una er stofnfélagi í Strokkvartettinum Sigga, Siggí String Quartet, og kennir við LHÍ og Nýja Tónlistarskólann.

Kammersveit Dómkirkjunnar

1. fiðla

Una Sveinbjarnardóttir
Rannveig Marta Sarc
Helga Póra Björgvinsdóttir
Bryndís Pálsdóttir

2. fiðla

Sigrún Harðardóttir
Joanna Bauer
Kristín Björg Ragnarsdóttir

Víólur

Pórunn Ósk Marinósdóttir
Móeiður Sigurðardóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir

Kontrabassi

Richard Korn

Flautur

Steinunn Vala Pálsdóttir
Björg Brjánsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins

Fagott

Brjánn Ingason

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson

Horn

Jósef Ognibene

Pákur

Eggert Pálsson

Orgel

Bjarni Frimann Bjarnason



Dómkórinn í Reykjavík

Dómkórinn hefur haldið fjölda tónleika bæði hérlendis og erlendis og hefur hvarvetna hlotið lof fyrir. Sumarið 2019 varð kórinn í öðru sæti í alþjóðlegri kórakeppni sem haldin var í Salzburg í Austurríki og hlaut þar m.a. gullviðurkenningu í flokki blandaðra kóra. Verkefnaval kórsins hefur verið fjölbreytt en meðal annars hefur kórinn flutt ýmis stórvirki tónbókmenntanna, s.s. Þýska sálumessu Jóhannesar Brahms, Jólaórátoríu Jóhanns Sebastians Bachs, Requiem eftir Wolfgang Amadeus Mozart, Messías eftir Händel, Jóhannesarpassíu Jóhanns Sebastian Bachs og sálumessur eftir Maurice Duruflé og Gabriel Fauré auk þess að hafa lagt áherslu á að frumflytja kórverk sem íslensk tónskáld hafa samið sérstaklega fyrir kórinn. Kórinn söng íslensk tónverk, þ.á.m. þrjú í fyrsta sinn, á tónleikum hér í Hallgrímskirkju hinn 1. júní sl.

Sópran

Aðalheiður Ólafsdóttir
Anna Margrét Kaldalóns
Anna Þóra Benediktsdóttir
Ása Briem
Elisabet Vala Guðmundsdóttir
Eva Rún Ingimundardóttir
Fífa Jónsdóttir
Guðbjörg Hilmarsdóttir
Halldóra Björk Friðjónsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Karen Erla Karólínudóttir
Kristbjörg Ingimundardóttir
Kristín Björg Knútsdóttir
Sigríður H. Gunnarsdóttir
Vilborg Helgadóttir
Þórdís Sigurðardóttir

Tenór

Gunnar Thor Örnólfsson
Gustavo Tomas
Hannes Þorsteinn Guðrúnarson
Hákon Baldur Hafsteinsson
Jón Pétur Friðriksson
Karl Hjaltason
Pétur Núi Stefánsson
Þorbjörn Rúnarsson

Undirleikari á æfingum: Douglas Brotchie

Alt

Anna Hafberg
Anna Jörunn Stefánsdóttir
Erla Ragnarsdóttir
Guðrún Edda Gunnarsdóttir
Halla Sverrisdóttir
Heiðrún Helga Snæbjörnsdóttir
Helga Rut Guðmundsdóttir
Hugrún Inga Ingimundardóttir
Kristín Svanhildur Helgadóttir
Ragnheiður Haraldsdóttir
Steinunn Oddsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sveinbjörg Halldórsdóttir
Telma Rós Sigfúsdóttir

Bassi

Egill Gunnarsson
Guðlaugur Pálsson
Hrólfur Gestsson
Jón Ívars
Jón Svavar Jósefsson
Magnús Már Björnsson
Sigurður Þór Baldvinsson
Sveinn Valgeirsson
Sveinn Reynir Ingason
Pröstur Haraldsson



Kári Pormar

Kári Pormar útskrifaðist með burtfarar- og píanókennarapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1993. Samhliða píanókennaranámi lauk hann burtfararprófi í orgelleik við Tónskóla þjóðkirkjunnar undir handleiðslu Harðar Áskelssonar.

Kári lauk kirkjutónlistarnámi frá Robert Schumann-háskólanum í Düsseldorf í Þýskalandi með 1. einkunn. Þar naut hann leiðsagnar Hans Dieters Möllers í orgelleik, kórstjórn og hljómsveitarstjórn hjá Volker Hempfling og píanóleik hjá Michael Ziechang og Thomas Palm. Kári hefur haldið píanótónleika og orgeltónleika bæði á Íslandi, í Þýskalandi, Frakklandi og á stórra alþjóðlegri orgelhátíð á Álandseyjum. Kári hefur sérhæft sig í flutningi á rómantískum orgelverkum frönsku tónskáldanna og hefur hlotið frábæran vitnisburð tónleikagagnrýnenda fyrir leik sinn.

Kári hefur verið atkvæðamikill í íslensku tónlistarlífi sem organisti, píanóleikari og kórstjóri, en á þeim vettvangi var hann tilnefndur til íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2004 með kór sínum, Kór Áskirkju, fyrir geisladiskinn Það er óskaland íslenskt.

Kári hefur verið organisti við Dómkirkjuna í Reykjavík frá 2010-2022 og stjórnað þar bæði Dómkórnum og Kammerkór Dómkirkjunnar. Þetta eru síðustu tónleikar hans sem stjórnandi Dómkórsins.



Pakkir

Dómkirkjan

Flensborgarskólinn

Hallgrímskirkja

Hörður Áskelsson

Kjartan Óskarsson

Kór Langholtskirkju

Óháði söfnuðurinn

Seltjarnarneskirkja

Bryggjan Gastró ehf

Isavia

Eignasýn

Skopos þýðingarstofa



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



Reykjavíkurborg

origo.

EY
Building a better
working world

B
bókabeitan.is
Við elskum bækur